

# Árt - 5.BÓ Stærðfræði

---

Kennarar: Berglind Inga Gunnarsdóttir; Ólöf Sighvatsdóttir

5

## Markmið með þessari lotu er að:

Megintilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Í stærðfræðinámi þurfa nemendur að þróa með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir og líkön sem nýtast við lausnir þeirra og leggja mat á niðurstöður.

## Námsgögn sem við notum:

Stika 1a nemendabók, Stika 1a æfingabók, Stika 1b nemendabók, Stika 1b æfingabók og annað stuðningsefni

## Kennsluhættir í lotunni:

- Bein kennsla
- Hópvinna
- Paravinna
- Samvinnunám
- Verkleg vinna
- Rökprautir
- Rökræður
- Umræður
- Þrautalausnir
- Námsleikir
- Viðfangsefni tengd daglegu lífi
- Þemanám
- Útinám

## Námsmat:

- Kannanir
- Próf
- Jafningjamat
- Samvinnukannanir

- Framsetning verkefna
- Sjálfsmat
- Endurgjöf (grænt er gott, bleikt má bæta)
- Heimapróf

### Stærðfræði fyrir 5.-7. bekk - Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- Spurt, tjáð sig munnlega og skriflega um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði og hefur innsýn í hvers konar svara má vænta.
- Leyst stærðfræðiþrautir umviðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu, byggða á fyrri reynslu og þekkingu.
- Sett fram, meðhöndlað, túlkað og greint einföld reiknilíkön, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.

### Stærðfræði fyrir 5.-7. bekk - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Notað óformlega framsetningu annars vegar og táknmál stærðfræðinnar hins vegar og sýnt að hann skilur innbyrðis tengsl þeirra.
- Valið og notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.
- Sett sig inn í og tjáð sig, bæði munnlega og skriflega, um ólíkar leiðir við lausnir stærðfræðiverkefna.

### Stærðfræði fyrir 5.-7. bekk - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Undirbúið og flutt kynningar á eigin vinnu með stærðfræði.
- Áttað sig á möguleikum og takmörkum stærðfræðinnar til að lýsa veruleikanum.
- Lesið einfaldan, fræðilegan texta og notað upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir.

### Stærðfræði fyrir 5.-7. bekk - Tölur og reikningur

- Notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum.
- Nýtt sér samhengi og tengsl reikniáðgerðanna og notað algengar reiknireglur, s.s. víxlreglu, tengireglu og dreifireglu.
- Skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu.
- Leyst viðfangsefni sem spottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.

## Stærðfræði fyrir 5.-7. bekk - Algebra

- Rannsakað og sett fram talnamynstur á skipulegan hátt og unnið með regluleika í rúmfræði, lýst mynstrum og venslum með tölum, myndum, orðum og á táknmáli algebrunnar.

## Stærðfræði fyrir 5.-7. bekk - Rúmfræði og mælingar

- Notað hugtök og aðferðir rúmfræðinnar til að útskýra hversdagsleg og fræðileg fyrirbrigði.
- Rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.
- Notað mælikvarða og einslögun í tengslum við teikningar, áætlað ummál, flatarmál og rúmmál í raunverulegum aðstæðum, rannsakað aðferðir til að reikna það.
- Notað hnitakerfi til að tjá og leysa rúmfræðileg verkefni.

## Stærðfræði fyrir 5.-7. bekk - Tölfræði og líkindi

- Safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau, m.a. með töflum og myndritum.
- Gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim.